

ar sama ár komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði Óskar Agnar Ólafsson er sviptur rétti til að reka smásölu ævilangt.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. júní 1965.

Nr. 112/1965. **Hafnarfjarðarkaupstaður**

(Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.)

gegn

**Bjarna Gíslasyni (Árni Gunnlaugsson hrl.).**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Eignarnám. Um áfrýjun undirmatsgerðar.

Synjun um dómkvaðningu yfirvirðingarmanna.

### Dómur Hæstaréttar.

Hinn 5. janúar 1933 leigði bæjarstjórnin í Hafnarfirði samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Bjarna Gíslasyni útgerðarmanni á erfðaleigu lóð nr. 810 á Hörðuvöllum í Hafnarfirði, að stærð 6670 m<sup>2</sup>, til fiskverkunar. Lóðin var leigð til 10 ára, en að þeim tíma liðnum, var leigusala rétt að segja erfðaleigunni upp með eins árs fyrirvara og án endurgjalds fyrir þau mannvirki, sem gerð hefðu verið á lóðinni.

Hinn 25. febrúar 1933 leigði bæjarstjórnin í Hafnarfirði samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Bjarna Gíslasyni á erfðaleigu lóð nr. 810a á Hörðuvöllum í Hafnarfirði, að stærð 512 m<sup>2</sup>, undir fiskverkunarhús. Lóð þessi er hluti af fiskverkunarlóð þeirri, sem Bjarna Gíslasyni hafði verið leigð hinn 5. janúar 1933. Hafði Bjarni Gíslason því á erfðaleigu fiskverkunarlóð, að stærð 6158 m<sup>2</sup>, og byggingarlóð, að stærð 512 m<sup>2</sup>.

Hinn 8. desember 1964 ákvað bæjarstjórn Hafnarfjarðar að leggja veg yfir framangreindar lóðir, og skyldi samkvæmt uppdrætti frá því í febrúar 1965 taka vegna vegarins 720 m<sup>2</sup> af fiskverkunarlóðinni og 260 m<sup>2</sup> af byggingarlóðinni. Samkomulag komst eigi á milli aðilja um endurgjald fyrir lóðartöku þessa. Af þeim sökum dómkvaddi bæjarfógetinn í Hafnarfirði hinn 19. marz 1965 þá Jón Finnsson lögfræðing og Jón Ólaf Bjarnason búfræðing til þess að meta til peningaverðs nefnda lóðarhluta ásamt hluta af húsi, sem fjarlægja þarf. Matsmennirnir kváðu upp mat sitt hinn 14. apríl 1965. Í matsgerðinni segir m. a.:

„Á fiskverkunarlóðinni hefur eignarnámsþoli gert fiskreit til þurrkunar á saltfiski, og á byggingarlóðinni hefur hann reist fiskverkunarhús fyrir saltfisk og skreið. Aðalfiskverkunarhúsið er byggt innan takmarka byggingarlóðarinnar, en áfast við það að norðanverðu hefur eignarnámsþoli byggt skreiðargeymslu, sem nær nokkuð út fyrir takmörk byggingarlóðarinnar. Að norðanverðu við fiskverkunarhúsin hefur eignarnámsþoli gert stakkstæði eða fiskreit. Fiskreiturn er í hrauni og stendur töluvert hærra en fiskverkunarhúsin. Hinn óbyggði hluti byggingarlóðarinnar er að norðvestanverðu við húsin. Aðkeyrsla að fiskverkunarhúsunum er eftir götúslóða, sem er framhald af Hörðuvöllum, og liggur hann yfir byggingarlóðina að vestanverðu og meðfram fiskverkunarhúsinu að sunnan. Á vesturgafli bygginganna eru tvær stórar dyr, aðrar á aðalfiskverkunarhúsinu, en hinar á skreiðargeymslu. Áætlað er, að fyrirhugaður vegur liggi skáhallt yfir umrædda byggingarlóð og undirstaða hans nái fast að norðurhorni aðalhússins og skeri í sundur endann á skreiðargeymslunni og liggi síðan þvert í gegnum fiskreitinn. Vegurinn verður upphleyptur við gaflinn á húsunum, og er áætlað, að yfirborð hans gegnt horninu á skreiðargeymslunni verði u.þ.b. í sömu hæð og það, en síðan verði vegurinn grafinn niður í gegnum hraunbunguna, sem reiturinn er á. Sýnilegt er, að við þessar framkvæmdir tekst af innkeyrsla í húsið á vesturgafli“.

.....

„Eignarnámsþoli hefur haft fiskverkun í fiskverkunarstöð sinni á Hörðuvöllum í áratugi og starfrækir þar enn fiskverkun, þótt hún hafi dregið nokkuð saman á s.l. árum. Sýnilegt er, að hinar fyrirhuguðu vegarframkvæmdir muni þrengja mjög að fiskverkunarstöð eignarnámsþola, og ekki verður séð, að hann geti bætt sér upp þá skerðingu, sem verður á athafnasvæði og mannvirkjum hans, þar sem ekkert verður eftir af byggingarlóðinni.

Innkeyrsludyr, sem nú eru á norðvesturgafli, verða ónot hæfar. Hugsanlegt væri að færa dyrnar á aðalhúsinu til, en vafasamt er, að það myndi koma að sömu notum og dyr þær, sem fyrir eru á húsinu.

Svo sem áður greinir, reisti eignarnámsþoli skreiðargeymslu við norðurhlið aðalfiskverkunarhússins um 1952. Eru veggir hennar og gólf úr steinsteypu, en þakið úr timbri, járnvarið. Skreiðargeymslan er 12.90 m á lengd og 4.70 á breidd, eða um 61 m<sup>2</sup>. Rúmmál hennar er um 155 rúmmetrar. Áætlað er, að vegurinn liggji skáhallt yfir enda skreiðargeymslunnar, eins og hann er nú, og má reikna með því, að skreiðargeymslan styttist um  $\frac{1}{3}$  hluta eða jafnvel meira. Um innkeyrslu í þenna enda hennar, eins og verið hefur, verður ekki að ræða. Til þess að komast inn í skreiðargeymsluna, verður því að fara í gegnum skúrbyggingu, sem er áföst við suðurenda hennar. Veldur þessi breyting verulegu óhagræði og röskun á hagnýtingu fiskverkunarhúsanna. Ekki verður heldur séð, eins og áður getur, að eignarnámsþoli geti með nýbyggingu aflað sér annars rýmis í stað þess, sem tapast.

Eins og áður greinir, tekst núverandi vegur, sem að nokkru leyti er á byggingarlóð eignarnámsþola, af. Veldur þetta því, að akstursleið af fiskverkunarstöðinni lengist, auk annars óhagræðis, sem svo mikil nálægð fjölfarins vegar hefur í för með sér.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með hliðsjón af þeim atriðum, sem taka ber tillit til við eignarnámsmat, metum við bætur til handa eignarnámsþola sem hér segir:

1. Fiskverkunarlóð, 720 m<sup>2</sup>.

Bætur fyrir þann hluta fiskverkunarlóðarinnar, sem tekin er eignarnámi, þykja hæfilega ákveðnar kr. 36.000.00. Er þá jafnframt tekið tillit til þess óhagræðis, sem eignarnámsþoli verður fyrir vegna skerðingar á notkun þess hluta fiskverkunarlóðarinnar, sem ekki er tekinn eignarnámi nú.

## 2. Byggingarlóð, 260 m<sup>2</sup>.

Með tilliti til legu lóðarinnar og þess, að hún er tekin undir veg, metum við bætur fyrir hana á kr. 19.500.00.

## 3. Skerðing á fiskverkunarhúsum og rekstursaðstöðu.

Hér að framan hefur verið lýst þeirri beinu skerðingu, sem verður á fiskverkunarhúsum eignarnámsþola. Auk þess verður að telja, að með fyrirhugaðri vegaf framkvæmd hafi verið þrengt svo mjög að fiskverkunarstöð eignarnámsþola, að framtíðarmöguleikar hennar til sams konar reksturs og þar hefur verið í áratugi, hafi verið mjög skertir. Verður að fallast á það með eignarnámsþola, að verðgildi eignarinnar hafi rýrnað af þessum sökum og beri að bæta honum það tjón.

Samkvæmt framansögðu metum við bætur til handa eignarnámsþola samkvæmt þessum lið í einu lagi á kr. 200.000.00.

Heildarmat okkar samkvæmt framansögðu verður því kr. 255.500.00.“

Hinn 20. apríl 1965 hófu verktakar í samráði við bæjarverkfræðing Hafnarfjarðar að ryðja með jarðýtu hið numda land. Hafa þeir byggt þar undirstöðu undir hinn fyrirhugað veg. Hinn 30. apríl 1965 greiddi eignarnemandi umboðsmanni eignarnámsþolanda eignarnámsbætur þær, sem tilgreindar eru í undirmatinu. Sama dag ritaði umboðsmaður eignarnemanda Hæstarétti bréf og krafðist þess með skirskotun til 7. gr. laga nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms, að Hæstiréttur kveddi þrjá menn til að framkvæma yfirvirðingu á hinum eignarnumdu verðmætum. Með bréfi til Hæstaréttar 29. apríl 1965 mótmælti umboðsmaður eignarnámsþolanda því, að dómkvaðningin fari fram. Fyrir Hæstarétti lýstu umboðsmennirnir því, að loku væri skotið fyrir

sátt um deiluefnið. Var af þeim sökum ákveðinn munnlegur málflutningur um það.

Eignarnemandi hefur gert þær dómkröfur, að yfirmat á áðurgreindum hluta af fiskverkunareignum Bjarna Gíslasonar á Hörðuvöllum í Hafnarfirði verði látið fara fram og eignarnámsþolanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eignarnámsþolandi krefst þess, að dómkvaðning yfirvirðingarmanna verði eigi framkvæmd og að eignarnemanda, Hafnarfjarðarkaupstað, verði dæmt að greiða honum málskostnað.

Eignarnám það, sem hér er um að tefla, er framkvæmt samkvæmt VII. kafla skipulagslaga nr. 19/1964 og lögum nr. 61/1917 um framkvæmd eignarnáms. Undirmatið var kveðið upp hinn 14. apríl 1965. Hinn 20. apríl 1965 var af hendi eignarnemanda hafizt handa um lagningu vegar á hinni eignarnumdu eign, og lét eignarnámsþolandi það viðgangast, þar sem hann sætti sig við undirmatið. Hinn 30. apríl greiddi eignarnemandi eignarnámsbæturnar.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1917 má eignarnemandi taka hið eignarnumda í sína vörzlu, án þess að hindrað verði með áfrýjun gerðarinnar, gegn því að greiða matsverðið og allan áfallinn kostnað. Ef eignarnemandi velur þenna kost, getur hann hvorki samkvæmt nefndu lagaákvæði né meginreglum laga um greiðslur fyrir keypt verðmæti heimt aftur hið greidda fé, þótt yfirmat yrði lægra en undirmat. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka kröfu eignarnemanda í máli þessu um dómkvaðningu matsmanna til greina, og er því synjað um hana.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma eignarnemanda til að greiða eignarnámsþolanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 15.000.00.

#### Dómsorð:

Dómkvaðning sú, sem krafizt er, skal eigi fara fram. Eignarnemandi, bæjarstjórinn í Hafnarfiði f. h.

bæjarsjóðs, greiði eignarnámsþolanda, Bjarna Gíslasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júní 1965.

Nr. 208/1964. **Ársæll Sveinsson** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Hreggviði Jónssyni og gagnsök**

(Árni Guðjónsson hrl.)

og

**Hreggviður Jónsson**

gegn

**Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs til réttargæzlu.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skipulag kaupstaðar. Lögbann.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Frey móður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi, Ársæll Sveinsson, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1964. Eru kröfur hans þessar:

#### **I. Í aðalsök í héraði:**

1. Að lögbannsgerðin frá 16. marz 1964 verði staðfest.
2. Að gagnáfrýjanda, Hreggviði Jónssyni, verði dæmt að greiða honum kr. 15.313.20 ásamt 7% ársvöxtum frá 21. marz 1964 til greiðsludags.

#### **II. Í gagnsök í héraði:**

1. Að honum verði dæmd sýkna af öllum kröfum gagnáfrýjanda í gagnsökinni.
2. Að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að orðið „þrjúzkast“ í gagnstefnu skuli vera ómerkt.